

Stjórnarfundur SK haldinn í K-húsinu 26.nóv. 2008 kl. 20.00.

Mættir: Guðmundur, Sigurbjörg, Þórhildur, Lilja, Sigga, Falur og Júlli. Guðrún boðaði forföll.

1.mál Fundargerð

Fórum yfir fundargerð síðasta fundar. Fundargerð samþykkt.

2. mál Undirbúningur og tímasetning jólakortaskrifa.

Ákveðið að hittast 10.des. og skrifa jólakort til velunnara sunddeildarinnar. Einnig var það ákveðið að Sigurjón bakari fengi mynd af sundmönnum ÍRB, þar sem hann hefur stutt deildina af miklum myndugleik.

3.mál Fjárhagsáætlun SK fyrir næsta ár.

Ræddum fjárhagsáætlun næsta árs, sem ekki er enn lokið.

4.mál Foreldraráð, staða mála.

Það vantar a.m.k. eitt foreldri, helst úr Höfrungahópi, í fyrirhugað foreldraráð sem hefur því enn ekki verið stofnað.

5.mál Sundsjóður.

Fórum yfir reglur sundsjóðsins sem verða birtar á heimasíðu sunddeildarinnar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl.20.55.

Næsti fundur 10.des.

Ritari Guðbjörg Lilja Jónsdóttir